

## Frumvarp til laga

### um breyting á lögum nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf., með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 137. löggjafarþingi 2009.)

---

#### 1. gr.

Í stað 2. og 3. málsli. 2. mgr. 11. gr. laganna koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Í stað tíu gjalddaga skulu gjalddagar einstaklinga vera 1. ágúst, 1. október og 1. desember. Gjald-dagi lögaðila er 1. nóvember. Dragist framlagning álagningarskrár fram yfir 1. ágúst eða 1. nóvember færast gjalddagar til um einn mánuð.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um síðustu áramót lauk innheimtu afnotagjalds fyrir útvarpsafnot, sbr. ákvæði til bráða-birgða V í lögum nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf. Um leið var tekið upp útvarpsgjald sem skattstjórar leggja á samhliða álagningu opinberra gjalda í júlí ár hvert. Með lögum nr. 174/2008, er tóku gildi 1. janúar sl., var m.a. ákveðið að gjalddagi útvarpsgjalds yrði einn, sbr. d-lið 1. gr. laganna. Í ljósi breyttra efnahagsaðstæðna og í þágu greiðenda gjaldsins þykir rétt að endurskoða þessa tilhögun. Með frumvarpi þessu er lagt til að gjalddagar vegna einstak-linga verði þrír í stað eins, þ.e. 1. ágúst, 1. október og 1. desember. Gjald-dagi lögaðila verður á hinn bóginn 1. nóvember. Þá er tekið fram að dragist framlagning álagningarskrár fram yfir fyrsta gjalddaga einstaklinga eða lögaðila færast gjalddagar til um einn mánuð. Í stað þess að þurfa að greiða gjald þetta í einu lagi í ágúst, svo sem fer um gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra, er einstaklingum skapað það hagræði að greiðsla gjaldsins dreifist á þrjá gjalddaga.

**Fylgiskjal.**

*Fjármálaráðuneyti,  
fjárlagaskrifstofa:*

**Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 6/2007,  
um Ríkisútvarpið ohf., með síðari breytingum.**

Með frumvarpinu er lagt til að gjalddögum útvarpsgjalds fjölgi úr einum í þrjú hjá einstaklingum en hjá lögaðilum verði einn gjalddagi. Gert er ráð fyrir að gjalddagarnir hjá einstaklingum verði 1. ágúst, 1. október og 1. desember en 1. nóvember hjá lögaðilum. Markmiðið með þessari breytingu er skapa fjárhagslegt hagræði fyrir einstaklinga með dreifingu á greiðslu útvarpsgjaldsins. Þessi breyting felur í sér auknum innheimtukostnað með fleiri innheimtuseðlum sem þarf að senda út. Áætlað er að útgjöld ríkissjóðs gætu aukist um 9 m.kr. með auknum fjölda útsendra innheimtuseðla. Þessi viðbótarútgjöld munu falla til hjá Fjársýslu ríkisins sem heyrir undir fjármálaráðuneytið. Ekki hefur verið gert ráð fyrir þessum auknu útgjöldum í fjárlögum 2009.